

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

9. tbl. • September 1999



Við undirritun stofnsamnings, fv. Tryggvi Jónsson Samtök verslunar og þjónustu, Halldór J. Kristjánsson Samtök fjármálafyrirtækja, Arnar Sigurmundsson Samtök fiskvinnslustöðva, Steinn Logi Björnsson Samtök ferðaþjónustu, Ómar Hannesson Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Ólafur Ólafsson fráfarandi formaður Vinnuálagssambandsins, Ólafur B. Ólafsson fráfarandi formaður Vinnuveitendasambandsins og Haraldur Sumarliðason formaður Samtaka iðnaðarins. Á myndina vantar Kristján Ragnarsson frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS STOFNUÐ

Samtök atvinnulífsins, heildarsamtök atvinnurekenda á Íslandi, voru stofnuð 15. september síðastliðinn. Stofnaðilar SA eru Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði og Landsamband íslenskra útvegsmanna. Formaður SA er Finnur Geirsson og framkvæmdastjóri er Ari Edwald.

Merki Samtaka atvinnulífsins var afhjúpað á stofnfundinum. Hönnuðir þess eru Ólöf Þorvaldsdóttir og Sigrún Kristín Árnadóttir hjá auglýsingastofunni Hér og nú.

Samtök atvinnulífsins

Ritstjórnargrein 2

Vegið að arðsemi íslenskra fyrirtækja

Úttekt FBA 3


Sjávarútvegssýningin

Íslensk iðnfyrirtæki 6



Dagur símenntunar

Menntamál 8



Pólyól og svartar ekkjur

Námsmenn á vegum SI í Suður-Afríku 9

Matvæladagur MNÍ 1999

Matvælaíðnaður 10



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Í þessum mánuði voru Samtök atvinnulífsins formlega stofnuð og ekki er ofmælt að bundnar séu miklar vonir við þessi nýju heildarsamtök atvinnurekenda á Íslandi. Það er engin tilviljun að þau verða til einmitt nú. Smám saman hafa almennar leikreglur verið að taka við af pólitískri handstýringu.

Með EES samningnum og þeim breytingum, sem honum fylgdu var hins vegar stigið stórt skref í átt til aukinnar alþjóðavæðingar og samkeppni en um leið voru gerðar margháttaðar breytingar á almennum starfsskilyrðum íslensks atvinnulífs. Í opinni og óheftri samkeppni skiptir öllu að starfsskilyrðin séu ekki lakari en hjá keppinautunum. Þar má engu muna. Þetta skilja menn nú miklu betur en þeir gerðu fyrir 30 árum þegar við gengum í EFTA. Þá var iðnaðurinn einn í samkeppni og mátti í áratugi keppa á opnum markaði með lakara skattkerfi, fjármagnsskömmtun og óðaverðbólgu eins og myllustein um hálsinn.

FRUMKVÆÐI SI

Tillagan um skipulagsbreytingar, sem nú hefur leitt til stofnunar Samtaka

atvinnulífsins, er komin frá Samtökum iðnaðarins. Við erum stoltir af að hafa átt þetta frumkvæði. Þótt niðurstaðan sé auðvitað ekki í einu og öllu í samræmi við þær hugmyndir sem Haraldur Sumarliðason setti fram í bréfi til Ólafs B. Ólafssonar er þó kjarnanum í tillögnum enn til haga haldið. Þessar tillögur byggðust á niðurstöðum fundar í Ráðgjafaráði SI, sem haldinn var byrjun júní 1997 þannig að þessar umræður hafa nú staðið í full tvö ár.

Sá kjarni er í stuttu máli sá að atvinnulífið þurfi ein öflug heildarsamtök en ekki tvenn til þess að móta stefnuna í kjara-, efnahags- og skattamálum og öðrum þeim mála-flokkum sem snerta allan atvinnurekstur í landinu óháð staðsetningu og atvinnugreinaflokkun. Sú niðurstaða að byggja Samtök atvinnulífsins upp af fáum en öflugum stoðum eða atvinnugreinafélögum er einnig í samræmi við þær hugmyndir sem Samtök iðnaðarins settu fram í upphafi. Þær hugmyndir gerðu raunar aðeins ráð fyrir fjórum stoðum eða aðildarfélögum en þær eru sjö.



tiltölulega fá en öflug aðildarsamtök hafa annars vegar bolmagn til þess að taka þátt í sameiginlegri stefnumótun íslenskra atvinnurekenda innan SA en eiga jafnframt að geta veitt sínum eigin félagsmönnum meiri og betri þjónustu en áður, hvert á sínu sér sviði. Það hefur beinlínis háð VSÍ hin síðari ár að aðildarfélögin hafa verið ákaflega misstór og ennfremur að um 70 fyrirtæki hafa átt beina aðild að VSÍ. Þessi uppbygging hefur að ýmsu leyti verið til vandræða. Í fyrsta lagi hefur verið erfitt að koma á eðlilegri verkaskiptingu milli VSÍ og aðildarfélaganna. Stóru aðildarsamtökin á borð við SI telja sig geta sinnt ýmsu því sem VSÍ hefur einnig verið að gera fyrir litlu aðildarfélögum og beinu aðilana. Þetta skapar hættu á árekstrum og tvíverknaði sem ætti að minnka til muna með nýju skipulagi. Þá hefur það einnig valdið vandkvæðum að atkvæðavægi hefur verið ákaflega mismunandi enda byggist það á greiddum félagsgjöldum. Ýmsir smærri aðilar hafa kvartað yfir því að þeir hafi lítil tækni á að móta stefnu heildarsamtakanna og notað það sem rök fyrir því að standa utan þeirra raða. Það er auðvitað örugg leið til þess að tryggja algert áhrifaleysi að standa utan-garðs. Hitt er aftur vænlegri leið og vitlegri að taka þátt í starfinu og fylkja þar liði með þeim sem menn eiga helst samleið með.

MEIRI JÖFNUÐUR - HAGRÆÐING Í REKSTRI

Margt fleira mætti tína til sem miklu máli skiptir og að er stefnt með stofnun Samtaka atvinnulífsins. Hér skal aðeins nefnt að stefnt er að jöfnuði milli aðila hvað varðar iðgjaldagreiðslur sem hefur verið ótrúlega erfitt mál en mun nú nást í áföngum. Þetta mun leiða til verulegrar lækkunar á greiðslum iðnaðarins til SA frá því sem áður var. Sameining og skýrari verkaskipting leiða tvímælalaust til verulegrar hagræðingar í rekstri. Síðast en ekki síst bera samþykktir SA með sér að stefnt er að auknu lýðræði innan samtakanna. Allt horfir þetta til heilla fyrir íslenskan atvinnurekstur og þess vegna er ástæða til þess að við óskum sjálfum okkur til hamingju með þennan merka áfanga.

Sveinn Hannesson

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA FÁ EÐLILEGT VÆGI

Sérstök ástæða er til að fagna því að náðst hefur samstaða um stofnun Samtaka verslunar- og þjónustu en til þessa hefur sá hópur gengið mjög tvístraður til leiks í sinni hagsmunagæslu. Þar hefur oftast en ekki hver höndin verið uppi á móti annarri. Þessi atvinnugrein hefur fráleitt haft eðlilegt vægi innan samtaka atvinnurekenda og það hefur háð samvinnu og uppbyggingu samtakanna. Vonandi verður nú breyting hér á þótt enn séu á ferðinni þeir sem vilja tvístra atvinnurekendum í verslun og þjónustu. Þær raddir eru þó býsna hjáróma og ástæðulaust að hafa áhyggjur af þeim málflutningi. Þá hafa fjármálafyrirtækin og aðilar í ferðaþjónustu hvorir um sig stofnað sín samtök og öll eru þau aðilar að hinum nýju Samtökum atvinnulífsins.

NÝTT SKIPULAG - SKÝRARI VERKASKIPTING

Hin nýja skipan skapar tækifæri til nýrrar og betri verkaskiptingar þar sem



**SAMTÖK
IÐNAÐARINS**

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
09. tbl. September 1999
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 17.09.1999
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is,
e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrót og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efmisstjóri: Þóra Ólafsdóttir
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.


VEGIÐ AÐ ARÐSEMI ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA

Í nýlegri úttekt Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á afkomu iðnfyrirtækja á Verðbréfabingi Íslands mátti lesa eftirfarandi: „Í heildina er hagnaður þeirra átta iðnfyrirtækja, sem fjallað er um, að lækka um 55% fyrstu sex mánuði þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.“ Með öðrum orðum er helmingur hagnaðarins farinn eða önnur hver króna. Hverju er um að kenna?

Þau framleiðslufyrirtæki, sem hér er um ræðir og eru á Verðbréfabings Íslands, eru mjög ólík og starfa í mjög ólíku samkeppnisumhverfi. Margir og oft lítt skyldir þættir hafa áhrif á afkomu þeirra og er það ástæða þess að nokkur þeirra skila viðunandi og jafnvel góðri afkomu. Þessi fyrirtæki eiga það hins vegar sameiginlegt að búa við hækkandi launakostnað hér innanlands sem er langt umfram það sem keppinautar þeirra erlendis þurfa að takast á við. Þetta vegur að arðsemi þeirra.

Ef litið er sérstaklega á þau fyrirtæki á þinginu, sem eru í málmiðnaði, kemur í ljós að afkoma þeirra hefur versnað talsvert frá því í fyrra. Rekstrar-kostnaður hefur vaxið um tæp 15% en tekjurnar hafa aukist um rúm 8%. Þessi þróun kemur ekki á óvart. Undanfarin misseri og ár hafa laun í málmiðnaði hér á landi hækkað verulega umfram það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Á síðasta ári voru launahækkningar í greininni hérlendis 11,6% samanborið við 5,7% í Svíþjóð, 4,7% í Noregi, 3,9% í Danmörku og 3,2% í Finnlandi. Samanlagt hafa laun í íslenskum málmiðnaði hækkað um 22,7% á síðustu tveim árum. Næstir okkur í þessum málum komast Svíar með 10,4%. Munar þar meira en helmingi.

Þegar við blasa miklar launahækkningar eiga stjórnendur fyrirtækja í reynd ekki nema tvo kosti og báða slæma. Þeir geta velt launahækkunum út í verðlagið og boðið þar með heim



þeirri hættu að markaðshlutdeild þeirra skerðist eða tekið hækkningar á sig og skert þar með hagnaðinn. Stjórnendur hafa neyðst til nýta báðar þessar leiðir að einhverju marki undanfarið.

Hverju er um að kenna? Innlendri þenslu öðru fremur. Sökum ófullnægjandi aðhalds í fjármálum hins opinbera hafa útgjöld þjóðfélagsins vaxið svo mjög að framleiðendur tapa bæði hagnaði sínum og markaðshlutdeild. Þetta er sígilt dæmi og vel þekkt bæði úr hagsögu okkar Íslendinga og annarra ríkja þar sem stjórnvöld hafa ekki

tekið nægjanlega fast í taumana í góðærinu.

Hver staðan verður við næsta sex mánaða uppgjör íslenskra framleiðenda og annarra innlendra fyrirtækja, sem búa við svipaða stöðu, ræðst af aðgerðum stjórnvalda. Fá stjórnvöld beitt nægu aðhaldi er eins víst að afkomuþróunin snúist við. Verði stjórnvöld ekki svo hyggin er hætt við því að enn harðni á dalnum. Það er því fyrst og fremst á ábyrgð stjórnvalda – hvort sem mönnum líkar það betur eða verr – hvert framhaldið verður.

Ingólfur Bender

Morgunverðarfundur Staðlar og íslenskur byggingariðnaður

Í tilefni alþjóða staðladagsins boðar Staðlaráð Íslands til morgunverðarfundar fimmtudaginn 14. október í Víkingasal Hótel Loftleiða. Fagfólk í byggingariðnaði er boðið sérstaklega velkomið.

Fjallað verður um væntanleg áhrif evrópsku byggingavörutillskipunarinnar á íslenskan byggingariðnað, notkun staðla í byggingariðnaði og það sem er framundan í staðlamálum. Fyrirlesarar eru frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Samtökum iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Fundarstjóri er Hákon Ólafsson, forstjóri Rb.

Fundurinn hefst stundvíslega klukkan 8:00. Skráning fer fram í síma 520 7150 eða með tölvupósti: stri@stri.is.

DAGUR SÍMENNTUNAR TÓKST VEL

Dagur símenntunar var haldinn laugardaginn 28. ágúst sl. á um 25 stöðum á landinu. MENNT annaðist framkvæmd dagsins fyrir hönd ráðherra skipaðrar verkefnisstjórnar um símenntun. Þátttaka þeirra sem bjóða menntun af öllu tagi var framúrskarandi góð. Fjöldi erinda var fluttur og efninu dreift með nýjustu fjarskiptatækni um allt land.

Athygli vekur að æ fleiri fyrirtæki marka sér menntastefnu og tilteknar aðgerðir í framhaldi af henni. ÍSAL kynnti á degi símenntunar menntastefnu sína og starfsemi á sviði menntunar starfsfólks. Tíðindamaður forvitnaðist nánar um starfsemi ÍSALS á þessu sviði hjá upplýsingafulltrúa fyrirtækisins, Hrannari Péturssyni.



Forseti Íslands, menntamálaráðherra og frú Rut Ingólfsdóttir

„Til að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að huga að menntamálum,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi ÍSALS

Hvers vegna var ÍSAL að kynna starfsemi sína og menntastefnu á degi símenntunar?

„Tilgangurinn var fyrst og fremst að segja fólki frá Stóriðjuskóla ÍSAL, sem ætlaður er ófaglærðum starfsmönnum. Við erum mjög ánægð með hvernig til tókst. Margir höfðu ekkert heyrt af skólanum sem er sérstakur fyrir margra hluta sakir. Námið er ekki aðeins fagtegt, heldur eru einnig kennd önnur fög; tölvutækni, stærðfræði og mannleg samskipti svo að eitthvað sé nefnt. Það sem gerir skólann ekki síst sérstakan, er sú staðreynd að um hann eru ákvæði í kjarasamningi. Verkalýðsfélögin, og þá sérstaklega Hlíf í Hafnarfirði, komu að undirbúningi og vinna ennþá mikilvægt starf skólanum til heilla.“

Hver er kjarninn í stefnu ÍSALS í símenntamálum?

„Að mennta og fræða sem flesta starfsmenn fyrirtækisins, að viðhalda og bæta við þá þekkingu sem iðnaðarmenn og háskólamenntaðir starfsmenn hafa komið með inn í fyrirtækið og bjóða ófaglærðum menntun sem nýtist þeim sjálfum sem og fyrirtækinu.“

Hvers vegna leggur ÍSAL svo mikla áherslu á menntamál? Hver er ávinningur fyrirtækisins af því?

„Það má í rauninni svara þessu á sama hátt. Því betur sem starfsmaður er að sér um vinnuna, því betri er hann. Hann er líklegri til að vera ánægður í starfi og skapa jákvætt andrúmsloft í kringum sig. Þá er námskeiðssókn starfsmanna ÍSAL launategd sem hlýtur að vera hvati fyrir starfsmenn.“

Fyrirtækið verður samkeppnishæfara í baráttunni um gott starfsfólk, framleiðslan verður betri og fyrirtækið gengur betur. Þetta ber allt að sama brunni.“

Hver eru tengslin milli virkrar símenntunar fyrirtækja og atvinnustigs, samkeppnisfærni og framleiðni?

„Það er engin tilviljun að vægi fræðslu- og símenntunarmála hefur aukist í svo gott sem öllum atvinnugreinum í landinu. Menn sjá auðvitað þá kosti sem fylgja menntuðu starfsfólki og til að standast samkeppnina um gott starfsfólk þurfa fyrirtæki að huga vel að menntamálum. Með góðu

starfsfólki verða fyrirtækin samkeppnishæfari.“

ÍSAL rekur Stóriðjuskólann við góðan orðstír. Hverjar eru frekari framtíðaaætlanir ÍSALS um menntun starfsfólks?

„Það væri gaman að koma starfsnámi í áliðnaði, stjóriðjunámi, inn í skólakerfið þannig að það standi í raun öllum til boða sem áhuga hafa. Við erum ekki einir um þessa skoðun. T.d. veit ég að innan Verkalýðshreyfingarinnar eru menn áhugasamir um aukna menntun ófaglærðra innan skólakerfisins. Menntamálum ófaglærðra starfsmanna hjá ÍSAL var komið í góðan farveg með stofnun Stóriðjuskólans og ætlunin er að gera það sama fyrir stjórnendur og millistjórnendur í fyrirtækinu. Nú eru t.d. um 50 manns að hefja stjórnunarnám sem dreifist á tvo vetur og hefur hlotið nafnið Leiðtogaþjálfun ÍSALS. Námið mun taka á flestum þeim vandamálum sem fólk þarf að glíma við í störfum sínum og á að gera þennan hóp manna enn hæfari. Það eru spennandi tímar framundan.“





Símenntun eykur arð

Metnaðarfullur atvinnurekstur byggir góða afkomu á hæfni og þekkingu starfsmanna sinna. Það er því nauðsynlegt hverju fyrirtæki, sem vill vera í fararbroddi, að bæta stöðugt við sig þekkingu og fylgjast vel með.

Símenntun er öflug og skynsamleg fjárfesting - ekki síður en ný tæki og búnaður. Hún eykur sjálfstraust og áhuga starfsmanna og það sem meira er um vert: hún skilar auknum arði.

Fjárfestu í menntun - það margborgar sig.

SJÁVARÚTVEGSSÝNINGIN 1999

Þátttaka fyrirtækja Samtaka iðnaðarins í Sjávarútvegssýningunni 1999 var mikil og sýndu þau þar margar athyglisverðar tækninýjungar.

Sýningin var að þessu sinni haldin í Smáranum, Kópavogi, á um 13.000 m² sýningarsvæði. Sýnendur voru 851

talsins, frá 36 löndum. Samtals voru sýningargestir hátt í 17.000 og þar af komu tæplega 1.000 erlendis frá. Hér má sjá sýnishorn af framleiðslu nokkurra fyrirtækja Samtaka iðnaðarins á Sjávarútvegssýningunni.



Marel er í fremstu röð í heiminum í þróun og framleiðslu hátæknibúnaðar fyrir matvælaíðnað. Marel selur framleiðslu sína um allan heim. Nýlega gerði fyrirtækið 100 milljóna króna samning við norska risann Hydro Seafood um flokkunar- og pökkunarkerfi fyrir lax. Dótturfyrirtæki Marel, Carnitech A/S, sýndi m.a. sérstaka beinahreinsivél á Sjávarútvegssýningunni.



Bátasmiðja Guðmundar hefur framleitt hina landskunnu Sóma-báta í tæp 20 ár. Fyrir ári kom fram nýr bátur, Sómi 870, sem getur gengið yfir 20 sjómílur með fjögurra tonna afla. Bátasmiðja Guðmundar fyrirhugar að smíða stærsta íslenska plastbátinn, 15 m langan og 4,5 m breiðan.



Sæplast er löngu þekkt fyrir fjölbreytta framleiðslu á fiskikerum úr plasti. Auk þessa framleiðir Sæplast bretti, rotþrær, tanka og trollkúlur úr plasti.



Ósey hf. rís myndarlega úr ösku með nýja 38.000 rúmmetra skipaþjónustu sem verður væntanlega tilbúin í nóvember. Ósey hefur keypt skipsskrokka frá Póllandi og fullsmíðað síðan skipin. Auk þess framleiðir fyrirtækið togvindur í skip.



Vaki-DNG. Nýtt sameinað fyrirtæki framleiðir hinar sígildu DNG vindur. Stjórnbúnaður Vaka-DNG fyrir ýmsar veiðar hefur verið endurbættur, þ.m.t. ný útfærsla á SeineTech-mælinum.



Brunnar ehf. hafa í samvinnu við erlenda aðila þróað nýja gerð ísvéla undir nafninu Brontec. Ískör, ísskóflur og ísburður heyra nú sögunni til.



Sandblástur og málmhúðun sérhæfir sig í zinkhúðun og framleiðslu á stálmannvirkjum, s.s. ljósastaurum, vegriðum og möstrum.



Stálsmiðjan - Slippstöðin. Þessi gamalgrónu fyrirtæki sameinuðust nú í september. Tilgangurinn er sá að styrkja starfsemina, mæta sveiflum í verkefnastöðu og auka samkeppnishæfni fyrirtækjanna í alþjóðlegum verkefnum.



Borgarplast er löngu þekkt fyrir framleiðslu á fiskikerum. Auk þeirra framleiðir fyrirtækið endurvinnanleg vörubretti, sérhönnuð fyrir matvæla- iðnað.



66°N Sjóklæðagerðin hf. hefur framleitt sjó- og hlífðarfatnað frá 1926. Fjölbreytni í framleiðslu hlífðarfatnaðar fyrirtækisins hefur aldrei verið meiri. Meðal annars er komin fram ný gerð af flotstökkum sem eru þjálfi, þynnri og sterkari en áður.



Formax sérhæfir sig í ýmsum lausnum fyrir fiskiðnaðinn. Fyrirtækið framleiðir m.a. flæðilínur, bæði fyrir vinnslu á sjó og í landi og afkastamikil sjálfvirk frystikerfi.



Gúmmívinnslan býður heildarlínu af útgerðarvörum, m.a. allar gúmmí- og stál- vörur sem þarf í botntroll. Framleiðsla Gúmmívinnslunnar er hönnuð fyrir ís- lenskar kröfur og aðstæður.



Framtak - Vela og skipaðjónusta hf. hefur á boðstólum ýmsan sérhæfðan búnað fyrir iðn- og sjávarútvegsfyrirtæki. Framtak annast viðgerðir á stórum vélum og búnaði í skipum.

VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

SÝNINGAR OG RÁÐSTEFNUR

Listi þessi er stöðugt í móttun og geta upplýsingar tekið breytingum án frekari fyrirvara! Með skráningu á nafnalista fá áhugasamir aðilar sendar nýjar upplýsingar jafnóðum og þær berast.

1999

2. - 18. október **75 ára afmælisýning Félags íslenskra gullsmiða**
Í tilefni 75 ára afmælis FÍG verður haldin sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur á hringjum gullsmiða - þá og nú, auk handverks sem tileinkað er þemanu „Tíminn og vatnið“.
15. október **Umbúðasamkeppnin 1999** – Skilafrestur
Þátttökutilkynningar, umbúðir og annað efni skv. reglum keppninnar, skulu hafa borist Samtökum iðnaðarins í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. október.
- Í nóvember **Hönnunardagurinn 1999**
Sýning hönnuða og framleiðenda húsgagna og innréttinga og Hönnunarverðlaun veitt fyrir framúrskarandi hönnun.

2000

14. - 16. jan. **Umbúðasýning í Perlunni**
Verðlaunahátíð og sýning þátttakenda í Umbúðasamkeppninni 1999 föstudaginn 14. jan. Fagsýning framleiðenda og hönnuða í Perlunni um helgina. Nánar kynnt síðar - Nafnalisti í gangi hjá SI.
18. - 20. febrúar **UTS - Upplýsingatækni sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja**
Ráðstefna og sýning á vegum Hafnarfjarðarbæjar, SÍH og Samtaka iðnaðarins í Hafnarfirði. Nánari upplýs. hjá Samtökum iðnaðarins.
- Til minnis: 25. feb. **Verðlaunahátíð ÍMARK í Háskólabíói.**
- Í mars **Stóra stundin!**
Stórsýning um allt fyrir stóru stundina í lífi fólks. Vörusýning og þjónusta. Nánar kynnt síðar Nafnalisti í gangi hjá Sýningum ehf.
- Í mars **Tíska 2000 / Keppni fagaðila og sýning á Broadway 5. mars.**
- Í mars **Matur 2000 / Stórsýning og fagkeppni matvælagreina.**
Nánar kynnt síðar - Nafnalisti í gangi hjá SI.
- Í apríl **HÚS & GARÐAR** - Byggingadagar Samtaka iðnaðarins 2000
Stórsýning í Laugardalshöll og um land allt. Nánar kynnt síðar. Nafnalisti í gangi hjá Samtökum iðnaðarins
9. - 16. júlí **Íslenska landbúnaðarsýningin** / Stórsýning í Laugardalshöll
Allt um landbúnað, framleiðslu, tækni og afurðir á stórsýningu Bændasamtaka Íslands, Samtaka iðnaðarins og Sýninga ehf. Á sama tíma: Landsmót hestamanna í Víðidal. Nánar kynnt síðar - Nafnalisti er í gangi hjá Sýningum ehf.
- Til minnis: 12. ág. **TÍSKUVÍKA** / í Reykjavík á vegum Eskimo models o.fl.
12. - 15. október **ORKA og umhverfi** / Stórsýning og ráðstefna í Kópavogi
Nánar kynnt síðar - Nafnalisti er í gangi hjá Sýningum ehf.

Nánari upplýsingar:

Samtök iðnaðarins (SI), Brynjar Ragnarsson, sími 511-5555, fax 511-5566, tölvupóstur brynjar@si.is
og Sýningar ehf, Sigurrós Ragnarsdóttir, sími 562-0600, fax 562-3411, tölvupóstur sigurros@kom.is.

UPPLÝSINGATÆKNI SVEITARFÉLAGA, STOFNANA OG FYRIRTÆKJA

Ráðstefna og sýning á vegum Hafnarfjarðarbæjar, Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og Samtaka iðnaðarins, í Hafnarfirði 18. – 20. febrúar 2000

Sveitarfélög og stofnanir gegna mikilvægu hlutverki í meðhöndlun og miðlunar upplýsinga. Ábyrgð þeirra og upplýsingaskylda leiðir stöðugt til þróunar og nýjunga á tækni til miðlunar upplýsinga milli kerfa sem og til betri samskipta og þjónustu við viðskiptavininn, hinn almenna íbúa landsins.

Íslenskur upplýsingatækniðnaður tekur virkan þátt í þróun og uppbyggingu upplýsingakerfa fyrir sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki. Með hugvitið að vopni hefur greinin stuðlað að gríðarlegum framförum í ís-

lensku atvinnulífi og mótað spor þjóðarinnar langt inn í tuttugustu og fyrstu öldina.

Hafnarfjarðarbær, Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og Samtök iðnaðarins efna til ráðstefnu og sýningar á upplýsingatækni fyrir sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki, í Hafnarfirði dagana 18. til 20. febrúar nk. Hefur ráðstefnan og sýningin hlotið nafnið UTS og mun vefurinn www.ut.is gegna lykilhlutverki í upplýsingamiðlun um þennan viðburð.

Markmiðið með ráðstefnunni og sýningunni er að efla þekkingu starfsmanna sveitarfélaga, opinberra stofn-

ana og fyrirtækja á upplýsingatækni nútímans og veita þeim innsýn í aðferðir, þróun, nýjungar og búnað sem til þarf og sem væntanlegur er á markað á næstunni.

Innan skamms verður opnaður vefurinn www.ut.is upplýsingasvæði um UTS í heild sinni. Einnig geta áhugasamir sent fyrirspurnir til Brynjar Ragnarssonar hjá Samtökum iðnaðarins á tölvupóst brynjar@si.is.

HÖNNUNARDAGAR SAMTAKA IÐNAÐARINS 1999 FRAMUNDAN

Hönnunardagar Samtaka iðnaðarins eru haldnir annað hvert ár í samstarfi við hönnuði og framleiðendur húsgagna og innréttinga á Íslandi. Í ár eru Hönnunardagar fyrirhugaðir í nóvember næstkomandi og hafa eftirtalin fyrirtæki staðfest þátttöku: Á. Guðmundsson, Desform, EXÓ, Epal, GKS, Ingvar & Gylfi, Penninn og Öndvegi.

Á Hönnunardögum '99 í nóvember er ráðgert að forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhendi hönnuði og framleiðanda Hönnunarverðlaun Samtaka iðnaðarins 1999 við hátíðlega afhöfn að Kjarvalsstöðum. Jafnframt munu þátttakendur í Hönnunardögum bjóða gestum í heimsókn til sín auk þess sem sýningar verða opnar almenningi um helgi.

Innan skamms birtast nánari upplýsingar um Hönnunardaga Samtaka iðnaðarins 1999 á vefnum www.si.is.

Einnig geta áhugasamir haft samband við Brynjar Ragnarsson hjá Samtökunum í síma 511-5555 eða sent fyrirspurnir á tölvupósti til brynjar@si.is.

FRÉTTATILKYNNING ÍSLENSK KYNNING EHF OG JÓLAHÖLLIN

Samtök iðnaðarins hafa selt meðeigendum sínum, Markaðssókn ehf. allan hlut sinn í Íslenskri kynningu ehf. sem stóð fyrir sýningunni Jólahöllin '98 í Laugadalshöll fyrir síðustu jóla. Rekstur Íslenskrar kynningar ehf. eftir 17. september, þegar kaupin fóru fram, eru því óviðkomandi Samtökum iðnaðarins. Það á t.d. við um sýninguna Jólahöllin '99 sem fyrirhuguð er í nóvember sem og aðrar sýningar á vegum fyrirtækjanna Íslenskrar kynningar ehf. eða Markaðssóknar ehf.

UMBÚÐASAMKEPPNI SAMTAKA IÐNAÐARINS 1999 ER Á www.si.is

Umbúðasamkeppni Samtaka iðnaðarins 1999 stendur yfir um þessar mundir og eru hönnuðir, framleiðendur og notendur umbúða eindregið hvattir til þátttöku.



Keppt er um Silfurskelina – „Óskarinn í íslenskum umbúðum“ auk fjölda viðurkenninga. Keppnin er haldin í samstarfi við SÍA – Samband íslenskra auglýsingastofa og Ímark – Félag íslensks markaðsfólks.

Í janúar er fyrirhuguð glæsileg sýning framleiðenda, fagfólks og þjónustuaðila í öllu er varðar umbúðir, hönnun og framleiðslu, auk sýningar og verðlaunaafhendingar í Umbúðasamkeppni Samtaka iðnaðarins 1999.

Nánari upplýsingar um Umbúðasamkeppnina er að finna á vefnum www.si.is. Einnig eru upplýsingar veittar á skrifstofu Samtaka iðnaðarins að Hallveigarstíg 1, í síma 511-5555 og hægt er að senda fyrirspurnir með tölvupósti á brynjar@si.is.

PÓLYÓL OG SVARTAR EKKJUR

NÁMSM. Á VEGUM SI Í SUÐUR-AFRÍKU

Í sumar störfuðu tveir námsmenn, annar nýútskrifaður vélaverkfræðingur en hinn nýútskrifaður efnafræðingur frá Háskóla Íslands við tilraunaverksmiðju í Komati í Suður-Afríku. Aðdragandinn er þátttaka Samtakanna í þróunarfyrtækinu Ískem ehf. sem undanfarið hefur kannað möguleika þess að framleiða polyól úr sykri eða mólassa. Stofnendur Ískem eru nokkrir innlendir aðilar og Technology International Exchange Inc. sem er bandarískt tækni- og þróunarfyrtæki. Tilgangur með stofnun Ískem var að auka innlenda og erlenda fjárfestingu í iðnaði sem nýtir innlenda orku. Pólyólvinnsla er eitt af verkefnum sem fyrirtækið er að kynna sér en mikla jarðgufu þarf til framleiðslunnar. Í ferð iðnaðarráðherra til Suður-Afríku í ársbyrjun var ofangreind tilraunaverksmiðja m.a. skoðuð og rætt við eigendur hennar um hugsanlegt samstarf í tækni- og hráefnamálum. Í þeim viðræðum kom upp sú hugmynd að senda héðan tvo námsmenn til að vinna við verksmiðjuna í sumar og kynna sér framleiðsluna og treysta sambandið milli Suður-Afríku og Íslands. Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti verkefnið.

NÁMSMAÐUR SEGIR FRÁ SUMARVINNU

Í sumar héldum við Bjarni Benjamínsson, BSc í efnafræði og undirritaður, Kristinn A. Aspelund, BSc í véla- og iðnaðarverkfræði, til Suður-Afríku á vegum SI. Tilgangurinn var að að kynna okkur pólyól tilraunaverksmiðju (pilot plant) sem þar er rekin en Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti verkefnið.

Tilraunaverksmiðjan stendur við eina fullkomnustu sykurmýllu í heiminum, TSB Komati mill u.þ.b. 40 km frá Komatipoort. Pólyól - verksmiðjan fær alla orku frá sykurmýllunni þar sem mikil umframorka verður einmitt til í sykurmýllum. Þær brenna baggasa en það er fasta efnið sem verður eftir þegar safinn hefur verið kreistur úr sykurreyrnum og við það myndast því

umhverfisvæn orka sem nýta má til annarrar framleiðslu.

Komatipoort er í norðausturhluta Mpumpulanga-fylkis, skammt frá landamærum Mosambique og Krüger-þjóðgarðinum. Á þessum slóðum má því finna sýnishorn af allri dýrafáunni sem flestir tengja við Afríku. Samt sem áður eru ekki miklar líkur á að menn láti lífið í ljónskjatti þar sem ljónin láta ekki mikið fyrir sér fara og halda sig að mestu innan veggja þjóðgarðsins.

Verið er að keyra tilraunaverksmiðjuna til að safna gögnum til að fá nákvæmt mat á arðsemi þess að byggja pólyól - verksmiðju í fullri stærð og til að ná frekari tökum á tækninni. Annað mikilvægt hlutverk og ekki síðra er að þjálfa tilvonandi starfsfólk pólyól - verksmiðju í fullri stærð. Það, sem telja má til nýjunga í verksmiðjunni, er að þar er framleitt pólyól úr sykri í samfelldu flæði en slíkt hefur ekki verið gert áður í miklu magni.

Þó að við félagarnir ynnum við algerlega nýja tækni held ég að nýtt og gerólikt vinnuumhverfi hafi reynst okkur meiri viðbrigði en hið fyrrnefnda. Til dæmis moraði verksmiðjan af baneitruðum kóngulóm, svörtu ekkjunni svokölluðu, og lífshættulegar eiturslóngur áttu það til að stinga upp kollinum við verksmiðjuna. Okkur fannst líka dálítið framandi að koma þarna í júní en þá er vetur að ganga í garð á þessum slóðum og dveljast þar yfir háveturinn fram í ágúst. Reyndar mætti kalla þennan vetur besta sumar í manna minnum miðað við það sem við eigum að venjast á Fróni en hitinn fór mest niður í 5 stig á Celcíus á morgnana en komst í 20 til 30 stig á daginn. Samt reyndist þetta vera kaldasti vetur á svæðinu í mörg ár. Að sumrinu má aftur á móti búst við 45 stiga hita að degi til en 30 stiga hita að næturlagi. Ég er því líka fegnastur að hafa ekki verið þar í janúar.

Kristinn A. Aspelund

NIÐURLAG

Aðstandendur tilraunaverksmiðju



unnar í Suður Afríku stefna að því að geta tekið ákvörðun um pólyólverksmiðju í byrjun næsta árs á grundvelli framleiðslu úr tilraunaverksmiðjunni. Hugmyndin er að pólyólverksmiðja á Íslandi gæti fylgt í kjölfarið og því mikilvægt að tengjast undirbúningnum í Suður Afríku eins og hægt er. Ferð námsmannanna var liður í því að treysta tengslin milli Suður Afríku og Íslands og öðlast betri skilning á framleiðsluáðferðinni.

Ólafur Kjartansson

NÝ STJÓRN MATVÆLAHÓPS GSÍ

Matvælahópur Gæðastjórnunarfélags Íslands hélt aðalfund sinn nýlega. Hópurinn var stofnaður fyrir tveimur árum. Álfhildur Ólafsdóttir, Upplysingabjónustu landbúnaðarins, Guðrún Ólafsdóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Ragnheiður Héðinsdóttir, Samtökum iðnaðarins hafa setið í stjórn hans síðan og þótti stjórninni mál til komið að fá inn nýtt fólk með nýjar hugmyndir. Niðurstaða fundarins var sú að fjölga í stjórninni úr þremur í fimm. Guðrún og Ragnheiður sitja áfram í stjórn hópsins, ný inn í stjórnina koma Anna Margrét Jónsdóttir, Nýkaupum, Jónína Stefánsdóttir, Hollustuvernd ríkisins og Ólafur Jónsson, Mjólkursamlagi KEA. Stjórninni var falið að leggja drög að dagskrá vetrarins en meðal fyrirliggjandi verkefna eru skilgreining og fræðsla á hugtökum gæðastjórnunar og innra eftirlits, notkun á GAMES kerfinu til framþróunar í fyrirtækjum og samræming matvælaeftirlits. Einnig er áhugi á að starfrækja vinnuhópa þar sem þátttakendur geta rætt sameiginleg vandamál.

MATVÆLADAGUR MNÍ 1999

Matvæladagur MNÍ 1999 verður haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 15. október kl 9:00-15:00

Yfirskrift ráðstefnunnar er „Offita“ og verður aðalfyrirlesari Søren Toubro, sem er danskur læknir, afkastamikill og virtur á sínu sviði. Søren Toubro er prófessor á sviði offiturannsóknna á offitu og vísinda um orsakir sjúkdóma við rannsóknastofnun í næringarfræðum við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn (Forskningsinstitut for Human Ernæring, Den Kongelige Veterinær og Landbohøjskole). Hann nefnir erindi sitt „Obesity - the health challenge of the western culture“. Aðrir fyrirlesarar verða íslenskir. Brynhildur Briem, matvæla- og næringarfræðingur fjallar um þróun offitu hjá börnum, Hólmsfríður Þorgeirsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur fjallar um tíðni offitu hjá 45-64 ára Íslendingum, Þorkell Guðbrandsson, læknir ræðir um afleiðing-

ar offitu og Heiðdís Sigurðardóttir, sálfræðingi um meðferð offitu. Þá mun Einar Matthíasson, matvælafræðingur, gera grein fyrir þróun í framleiðslu fituskertra matvæla og Guðmundur Frímansson, heimspekingur velta fyrir sér orsökum offitu. Þetta er mjög áhugavert efni jafnt fyrir lærða sem leika.

Ráðstefnan er öllum opin. Þátttökugjald er 4000 krónur og innifalin í því eru ráðstefnugögn, kaffi og léttur hádegisverður.

Skráning fer fram dagana 1.-12. október í síma 525 4260 (Ingibjörg) og 569-2200 (Óli eða Gauja). Einnig er hægt að senda tilkynningu um þátttöku á faksi: 567-4520.

Eins og venjulega verður Fjöregg MNÍ veitt fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla og það eru sem fyrr Samtök iðnaðarins sem gefa gripinn. Matvælaframleiðendur eru hvattir til að nota þetta tækifæri til að koma nýjungum á framfæri með því að tilnefna þær til



verðlaunanna (Fjöreggsins). Að venju verða allar tilnefningar til sýnis á ráðstefnustað á Matvæladaginn. Nánari upplýsingar um verðlaunasamkeppnina veitir Ragnheiður Héðinsdóttir í síma 511 5555.

SÆNSKIR BAKARAR Á FARALDSFÆTI

Hópur sænskra bakara heimsótti Ísland í lok ágúst.

Þetta var stjórn Stokkhólmsdeildar sænsku bakarasmatakanna ásamt mökum og fararstjóra frá skrifstofu smatakanna, samtals 13 manns. Samtök iðnaðarins og Landssamband bakarameistara tóku að sér að skipuleggja heimsóknir þeirra í fyrirtæki og útsýnisferð að Gullfossi, Geysi og á Þingvelli. Landssamband bakarameistara bauð sænsku bökurunum til fundar með félagsmönnum sínum þar sem Ingólfur Bender, hagfræðingur SI,

sagði frá efnahagsástandinu hér á landi borið saman við Svíþjóð og einnig var rætt um ástand og þróun í brauðgerð í báðum löndum. Ekki var annað að sjá en gestirnir hefðu ánægju af veru sinni hér.



Í Myllunni tók Jón Albert Kristinsson á móti gestunum



Það er fallegt á Þingvöllum, líka í rigningu



Svíarnir skoðuðu hugfangnir aðstöðu til hverabaksturs hjá Hverabakarí


BREYTING Á REGLUGERÐ NR. 236/1990 UM FLOKKUN OG MERKINGU HÆTTULEGRA EFNA

Gerðar hafa verið breytingar á reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, með reglugerð nr 548/1999. Einkum er um að ræða breytingar á fylgiskjali 1, með reglugerðinni, þ.e.a.s. efnalistanum. Fyrirtækjum, sem óska eftir að fá efnalistann sendan, er bent á að hafa samband við Bryndísi Skúladóttur hjá Hollustuvernd ríkisins. Auk þess er unnt að nálgast reglugerðina, uppfærða með áorðnum breytingum en án efnalistans á heimasíðu Hollustuverndar, www.holluver.is.

www.

S

I



is

mið
punktur
fréttáflutnings
og upplýsingamiðlunar

um íslenskan
iðnað og Samtök
iðnaðarins á www.si.is

- ▶ Vefurinn sem fréttamenn lesa
- ▶ Virk upplýsingamiðlun
- ▶ Viðburðir á döfnni
- ▶ Öflugur brunnur upplýsinga
- ▶ Skýrslu- og greinasafn
- ▶ Áhugaverðar hagtölur
- ▶ ...og margt fleira



www.si.is - einfaldara getur það ekki verið

 **SAMTÖK
IÐNAÐARINS**